

Alþingi

Erindi nr. D 118 / 510
komudagur 13 / 12 1994

Menntamálaráðuneytið
skrifstofa menntamála og vísinda
Sölvhólsgötu 4
150 REYKJAVÍK

8. desember 1994
ÞÓ/HF


Vísað er til bréfs undirritaðs til ráðuneytisins dags. 12. sept. sl., en bréfinu fylgdi umsögn Kennaraháskóla Íslands um drög að frumvarpi til laga um grunnskóla.

Þegar fyrrgreind umsögn var gefin lá 57. gr. frumvarps til laga um grunnskóla ekki fyrir, en þar segir m.a. að hinn 1. ágúst 1995 falli úr gildi X. kafli laga nr. 29/1988 um Kennaraháskóla Íslands.

Athygli er vakin á því að falli fyrrgreindur X. kafli úr gildi er brýnt að í stað hans komi nýr kafli sem fjalli um æfingakennslu, annað nám á vettvangi og tengsl Kennaraháskóla Íslands við grunnskóla, sbr. m.a. 42. gr. núgildandi laga.

Við fyrirhugaðan flutning á rekstri Æfingaskóla KHÍ til Reykjavíkurborgar verður að tryggja Kennaraháskóla Íslands fjárveitingu til að koma á fót miðstöðvum æfingakennslu og þróunarstarfa í fræðsluumdæmum, m.a. í Reykjavík.

Virðingarfyllst



Þórir Ólafsson
rektor

Afrit sent
Menntamálanefnd Alþingis